

10. gr.

Skipulagsskrá þessari verður hvorki breytt né Styrktarsjóður Umhyggju lagður niður nema með einróma samþykki sjóðstjórnar og að fengnu samþykki dómsmálaráðherra.

Verði sjóðurinn lagður niður skal eignum hans ráðstafað í þágu hagsmuna langveikra barna.

11. gr.

Leita skal staðfestingar dómsmálaráðherra á skipulagsskrá þessari. Jafnframt fellur úr gildi skipulagsskrá fyrir Styrktarsjóð Umhyggju nr. 54 17. janúar 1997.

Skipulagsskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá, nr. 19/1988.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 25. mars 1999.

F. h. r.

Björn Friðfinnsson.

Fanney Óskarsdóttir.

AUGLÝSING**um umferð í Reykjavík.**

Samkvæmt heimild í 81. gr. umferðarlaga nr. 50/1987 og að fenginni tillögu borgarráðs hefur verið ákveðið að einstefna verði til austurs á Öldugötu milli Ægisgötu og Garðastrætis. Ákvörðun þessi hefur þegar tekið gildi.

Lögreglustjórinn í Reykjavík, 5. apríl 1999.

Böðvar Bragason.